

Fermingarblað Vífls

1. tölublað

31. árgangur

2009



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2009
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Sumarnámskeið Vífls í 21. sinn



HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!

Framtíðarbók Kaupþings er góð fermingargjöf

Framtíðarbók er verðtryggður sparireikningur sem ber hæstu vexti á verðtryggðum reikningum bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.



Kæru Garðbæingar!

Fermingarblað Vífls er löngu orðið þekkt fyrirbæri í bænum okkar. Það hefur nú komið út í 31 ár, alltaf rétt fyrir fermingarnar. Blaðið hefur að geyma lista yfir þau fermingarborn sem fermast í Vídalínskirkju og Garðakirkju, auk þess sem hér er getið þeirra Garðbæinga sem fermast í Bessastaðakirkju.

Fermingarblað Vífls er alfarið unnið af skátum í félaginu. Blaðið er mikilvægur vettvangur fyrir okkur til að koma okkur á framfæri og segja frá starfi okkar. Skátafélagið er búið að gera margt spennandi síðan blaðið kom seinast út og langar okkur að kynna það sem við höfum verið að gera síðastliðið ár. Við erum alltaf tilbúin að taka vel á móti nýjum meðlimum og vonandi sjá sem flestir eitthvað spennandi í skrifum okkar sem þeir væru til í að prófa og ganga til liðs við skátahreyfinguna.

Viðburðarríkt sumar

Hápunktur skátastarfsins síðastliðið ár er án efa för Vífls á Landsmót skáta á Akureyri. Við fjölmenntum að sjálfsögðu á mótið og vorum í kringum 50 í tjaldbúðinni. Við skemmtum okkur rosalega vel og veðrið lék við okkur allan tímann.

Dróttskátar Vífls lögðu einnig leið sína á Landnemamót í Viðey um sumarið. Við fórum þó ekki með ferjunni eins og flestir þátttakendur mótsins, heldur sigldum við á kajak.

Jötnamót Vífls var haldið fyrstu helgina í júní eins og tvö síðastliðin ár. Félagið stefnir að því að gera mótið að föstum lið í sumardagskrá félagsins ár hvert. Útilífs- og Ævintýranámskeið voru í fullum gangi allt sumarið ásamt smíðavöllum. Að sjálfsögðu bjóðum við aftur upp á þau næsta sumar og vonumst við eftir jafn góðri þátttöku, ef ekki betri, en í fyrra.

Umfangsmikið skátastarf í Vífli

Í vetur erum við búin að fara í tvær félagsútilegur. Eina fórum við í haust í Hlíðardalsskóla rétt hjá Þorlákshöfn. Seinni útileguna fórum við í núna í mars og þá var farið á Úlfjótuvatn, sem er jafnframt útilífsmiðstöð skáta á Íslandi. Útilegurnar heppnuðust vel og var afburða mæting. Einnig eru sveitirnar búnar að fara í nokkrar minni útilegur.

Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti nálgast nú óðfluga. Hann er þann 23. apríl og verða hátíðahöld með hefðbundnu sniði. Við hvetjum alla til að mæta í skátamessuna í Vídalínskirkju, taka þátt í skrudgöngunni og kíkja í kaffi í Hofsstáðaskóla, þar sem jafnframt verða leiktæki og skemmtiatriði.

Bestu þakkir!

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyr-

irtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega. Til gamans má geta að glæný ritstjórn hefur tekið við útgáfu fermingarblaðsins og vonast eftir að þessi frumraun eigi eftir að heppnast vel. Í ritstjórn sitja nú aðallega rekkaskátar í sveitinni Rs. Íslendus á aldrinum 15 til 16 ára, ásamt þó nokkrum eldri skátum. Fyrrum ritstjóri blaðsins hafði ritstýrt því í 25 ár og þökkum við honum kærlega gott starf. Nú hafa nýir tekið og vonum við innilega að þetta verði ánægjuleg lesning fyrir Garðbæinga.

*Með skátakveðju,
Heba Ýr Pálsdóttir Hillers
Hildur Hafsteinsdóttir
Ritstýrur*



Útgefandi

Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður

Helgi Grímsson

Ritstjórn

Andri Bjarnason
Björn Hilmarsson
Dögg Gísladóttir
Guðmundur Finnbogason
Heba Ýr Pálsdóttir Hillers
Hildur Hafsteinsdóttir
Rebekka Jenný Reynisdóttir

Myndir

Myndir úr myndasafni Vífls og ritstjórnar. Forsíðumyndin er tekin á kvöldvöku á Landsmóti skáta Akureyri 2008.

Hönnun og umbrot

Sævar Öfjörð Magnússon



Sumardagurinn fyrsti 23. apríl



Hátíðarhöld samkvæmt hefðinni

Mikið verður um dýrðir á sumardaginn fyrsta, en sterk hefð hefur myndast um hátíðarhöldin í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Vífls alla tíð. Sumardagurinn fyrsti er um leið afmælisdagur félagsins, en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967 og verður því 42ja ára á þessu ári.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl.13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðsþjónusta í kirkjunni strax á eftir. Í kirkjunni verða meðal annars veittar viðurkenningar fyrir starf vetrarins. Við hvetjum alla Garðbæinga til að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofsstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofsstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofsstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar. Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um fánaborg í skruðgöngunni og sér Blásarasveitin um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofsstaðaskóla

Við Hofsstaðaskóla mun Blásarasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagsskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d. leiktæki, söng- og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælskökur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífls verður þar samkvæmt hefðinni. Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.

Nú mæta allir!

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonum við að við sjáumst sem flest! Allir Garðbæingar eru hvattir til að koma og taka þátt í hátíðarhöldunum. Hér á síðunni má sjá myndir frá hátíðinni í fyrra.

Sjáumst!



Krydd
&
Kaviar



Hádegisverðapjónusta

Krydd & Kaviar... og bragðlaukarnir brosa

Sími 824-7731 / 656-9933

www.kryddogkaviar.is

ÍSBUÐIN
kjörís GARÐABÆ



SUND...lættir lund

Auglýsingastofa E. Beckman



Sundlaugin í Ásgarði hefur allt til alls,

þar er *mjög góð* 25 metra sundlaug,

skemmtileg barnalaug með ýmsum leiktækjum,

tveir *notalegir* heitir pottar og gufubað.

Komdu og nýttu þér þá *glæsilegu* aðstöðu sem er í boði.

Tilvalinn staður fyrir alla fjölskylduna.



Sundlaug Garðabæjar
Íþróttamiðstöðin Ásgarði
sími 565 8066

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga kl. 6:30-22
Laugardaga - sunnudaga kl. 8-18

Hætt er að selja aðgöngumiða
hálf tíma fyrir auglýstan lokunartíma

Fálkaskátasveitir Vífils

Skátar á aldrinum 10 – 12 ára nefnast fálkaskátar og starfa þeir í tveimur sveitum annars vegar strákasveit og hins vegar stelpusveit. Strákasveitin nefnist Fornmenn og þar starfa um 20 – 25 strákar. Sveitin hittist einu sinni viku og er henni skipt upp í fjóra flokka sem nefnast Aztekar, Siouzar, Mayar og Inkar. Í hverjum mánuði er farið í ævintýraferð sem getur verið yfir helgi eða einn dag. Á hverju hausti er farið vígsluferð þar sem nýliðarnar vígjast inn í sveitina og að venju var farið skála félagsins Vífilsbúð.

Vígsluferð Fornmanna

Að kvöld föstudags mæta skátarnir á hjólum í skátaheimilið. Það er nokkuð liðið á september og því er byrjað að dimma þegar við leggjum af stað. Í myrkrinu reynist nokkuð erfitt að halda sig á mjóum göngustígnum sem liggur í gegnum hraunið á leiðinni upp í Vífilsbúð. Í skátabjálfuninni

læra skátarnir að rata í myrri og því er hentugast að ferðast án þess að vera með kveikt á vasaljósi því það minnkar getu augans til þess að sjá í myrkrinu.

Leynileg vígsluathöfn

Allir komast heilir og höldnu upp í skála og taka hraustlega til matar síns enda mjög svangir eftir hjólaferðina. Seinna um kvöldið eru nýliðar kallaðir saman og aðrir skátar í sveitinni fara á hinn leynilega vígslustað Fornmanna og undirbúa athöfnina. Nýliðarnir leggja stað þegar merki kemur frá hinum um að öllu sé óhætt og allt tilbúið fyrir vígsluna. Vígsluathöfn Fornmanna er leynileg og aðeins þeir sem hafa vígst sem Fornmenn vita hvernig hún fer fram!

Að lokinni vígslu halda skátarnir til baka í skálann og fagna saman nýjum meðlimum sveitarinnar.



Daginn eftir er farið í hellaferð í helli í nágrenninu og síðar um daginn er haldin flokkakeppni. Þar keppa flokkarnir í skátabrautum eins og stígvélakasti og legó-minnisþraut. Um kvöldið er kvöldvaka að skáta-sið og flokkarnir í sveitinni sýna skemmtiatriði. Á sunnudeginum er gengið frá og hjólað heim í skátaheimili. Það eru þreyttir og ánægðir skátar sem koma heim til sín eftir frábæra vígsluferð.

*Gísli Örn Bragason
sveitarforingi*

Drekaskátasveit Vífils

Drekaskátasveitin Furðufuglar er yngsta skátasveitin, en í henni starfa skátar á aldrinum 7-10 ára. Þar er margt brallað. Í haust komu Dreka-skátarnir í heimsókn í Félagsútilegu og svo var haldin skemmtileg innilega. Þá gisti öll sveitin í skátaheimilinu Jötunheimum og gerði sér glaðan dag. Sveitin fór nýlega í dagsferð og má hér sjá nokkrar myndir frá þeirri ferð.



Stjórn Vífils

Félagsforingi

Helgi Grímsson

Aðstoðarfélagsforingi

Unnur Flygenring

Ritari

Brynjar Hólm Bjarnason

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Jóhann S. Erlendsson

Ingunn Hallsdóttir

Landsmót skáta á Akureyri 2008

Aðalheiður, Margrét, Saga, Hrafnhildur og Sandra eru allar í fálkaskáta-sveitinni Forynjum. Síðasta sumar fóru þær á landsmót skáta að Hömrum á Akureyri. Þeim fannst auðvitað rosalega gaman og ætla að skrifa aðeins um reynslu sína af mótinu.

Við lögðum af stað frá skátaheimili Vífils þann 22. júlí. Við fórum með rútu til Akureyrar og það var geðveikt fjör. Við sátum við hliðina á Englendingum alla leiðina, sem hlustuðu á þungarokk allan tímann í hátölurum! Skemmtilegt atvik átti sér stað í rúttunni þegar rútbílstjórinn bremsaði mjög snögglega og Gísli fararstjóri, sem stóð fremst í rúttunni, flaug á framrúðuna og skildi eftir sig stóra sprungu. Þegar við komum á mótið vorum við svo heppnar að það var búið að tjalda fyrir okkur! Nokkrir dróttskátar og rekkaskátar úr Vífli og Svönum höfðu tekið upp á því að hjóla yfir Kjöl og til Akureyrar á landsmót. Þeir voru komnir daginn áður og voru svo yndislegir að tjalda fyrir allt félagið. Um kvöldið var setningarhátíð sem var bara alveg ágæt. Í lokin komð Páll Óskar og tryllti lýðinn. Erlendu skátarnir fóluðu hann meira að segja alveg í botn!

Frábær dagskrá!

Á mótinu var margvísleg dagskrá. Þar á meðal var farið í skógarferð, vatnsbyssuslag, sundferð, ratleik um Akureyri (sem við unnum!), kassaklifur, vatnasafarí, mýrabolta og margar fleiri þrautir. Einnig voru Víflar að raka að sér metum á mótinu. Margrét Ýr gerði hundrað handahlaup samfleytt, okkur tókst að fela flestar manneskjur undir heyi, einnig settum við met í kassaklifri ofl.

Á laugardeginum, sem er aðal heim-



sóknardagurinn, var grillveisla í boði Vífils. Öllum foreldrum, systkinum, frændum og frænkum var boðið í Binnaborgara og Jóapylsur. Eftir þessa glæsilegu veislu var aðalkvöldvakan. Eftir hana spilaði hljómsveit frá Sauðárkróki og úr varð mikið ball. Svo fórum við heim í tjaldbúð og fengum okkur kakó.

Unnu ratleikinn

Dagurinn sem við fórum í ratleikum Akureyri (sem við unnum!) var mjög skemmtilegur. Mosverjar sáu um leikinn og létu okkur bíða í tvo klukkutíma áður en við fengum að byrja! Á meðan við biðum fórum við í nammistrið og steiktumst úr hita. Okkur var svo sjúklega heitt að við þurftum að fara á bókasafnið til að kæla okkur niður. Þess má geta að það var mjög heitt og gott veður allt mótið. Mosverjar voru ekki mjög skemmtilegir í þessum ratleik. Þeir buðu okkur í fána á svæðinu sínu og notuðu tækifærið til að gefa okkur djús sem var annað hvort með ediki, salti eða mysu í. En aftur að ratleikn-

um. Við tókum strætó frá byrjunarstöðinni að Skautahöllinni. Okkur gekk mjög vel í byrjun í ratleiknum þangað til að við fundum ekki tvær stöðvar. Þá ákváðum við bara að hætta en þá stakk Hrafnhildur upp á því að við myndum taka styttri leið í gegn um skóginn. Þegar við komum á enda stígsins sem lá í gegnum skóginn sáum við lokastöðina. Okkur var þá sagt að við hefðum unnið og auðvitað vorum við mjög sáttar.

Flottasta flugeldasýningin

Á lokakvöldvökunni sem var mjög skemmtileg var flottasta flugeldasýning sem við höfum heyrt. Það var of bjart úti til að við gætum séð flugeldana. Í lok kvöldvökunnar kom DJ með svakalegt diskó svo ákváðum við að fara bara að leika okkur í vatnasafariinu.

*Margrét Ýr Sigurjónsdóttir
Saga Björnsdóttir
Aðalheiður Dögg Reynisdóttir
Hrafnhildur Helga Össurardóttir
Sandra Karlsdóttir*

**Viltu verða Vífill?
Kíktu á www.vifill.is eða
hringdu í síma 565-8820**

Hjólað á Landsmót skáta á Akureyri

Á föstudegi lögðum við af stað í rútu og keyrðum að Bláfellshálsi og þar fundum við stað úti í óbyggðum og tjölduðum fyrir nóttina. Mikið var rokið og kuldinn. Fólkið var misvel búið fyrir hálandi Íslands en allt bjargaðist á endanum. Við fórum að sofa í kreisi veðri og vöknuðum ekki nógu snemma næsta morgun, fólkið var mislengi að koma sér á fætur. Morgunmaturinn var indæll, samlokur og læti.

Hjólað og hjólað

Svo var lagt af stað í förina miklu í góðu veðri. Við hjóluðum og hjóluðum með nokkrum stuttum pásam á milli og komum ekki á hádegisstað við afleggjarann að Kerlingarfjöllum fyrr en klukkan 14:00

og tókum við okkur góða pásu til hádegisverðar. Mikið var rokið og nokkrir flúðu inn í trússkerruna. Haldið var af stað aftur og komið var upp í Hveravelli um kvöldmatarleytið. Fengum við dýrindis kvöldverð svo fór skarinn í heitu laugarnar við tjaldsvæðið. Þar hittum við mis-skemmtilega fjórhjólamenn, mikill var hávaðinn en samt sem áður ósköp gaman. Svo gengum við til náða.

Frá Hveravöllum til Húnavers

Vaknað var daginn eftir, fyrr en hinn daginn, tekið var saman í annað sinn og lagt af stað á reiðfákunum



frá Hveravöllum í blíðskapar veðri og allur skarinn í góðu skapi. Teknar voru nokkrar stuttar pásur og komið að Áfangafell um hádegisdegið sem átti að vera annar gististaður, og var þar haldinn snæðingur. Viljum við þakka kærlega konunni þar sem gaf okkur ávexti þar sem við höfðum lifað á brauði og kjöti allan tímann. Svo fengum við þær fregnir að von væri á vondu veður næstu daga og var ákveðið að klára dæmið, og haldið að stað til Húnavers á ný. Ferðin þangað gekk vel og rösklega og komið að Húnaveri um fjögur eða fimmleytið og þótti takast á góðum tíma. Þar var komið sér fyrir og slakað á.

Sund og pizzuveisla á áfangastað

Næsta dag sváfum við út og vöknuðum hress, gengið var frá og lagt af stað að Þelamörk, þar sem við stoppuðum og hljóðum svo að Akureyri og upp að Hömrum, þar var tekið á móti okkur með pompi og prakt, myndavélar og læti. Loks komum við okkur fyrir inni hvítu tjaldi sem var þá geymslutjald Vífils. Við vorum mjög ánægð með þennan árangur og ferðina í heild sinni. Fórum við í sund og í pizzaveislu á Greifanum. Að því loknu fórum við upp að Hömrum og hvíldum okkur fyrir komandi fjör.

Dögg Gísladóttir

Rebekka Jenný Reynisdóttir

Svipmyndir frá Landsmóti



Íslandsbanki

Fermingarbörn úr Garðabæ árið 2009

Prestar verða sr. Friðrik J. Hjartar og sr. Jóna Hrönn Bolladóttir

Bessastaðakirkja laugardaginn

28. mars kl. 13:30

| | |
|----------------------------|---------------|
| Eliás Orri Gíslason | Bæjargili 125 |
| Haukur Einarsson | Birkiási 29 |
| Helga Bjarney Bjarnadóttir | Goðatúni 6a |
| Óliver Óskarsson | Blómahæð 1 |

Vidalínskirkja laugardaginn

28. mars kl. 13:00

| | |
|-------------------------------|-----------------|
| Agnes Alda Magnúsdóttir | Bæjargili 105 |
| Alexander Ísak Sigurðsson | Hrísmóum 6 |
| Apena Aradóttir | Arnarási 16 |
| Berglind Rut Bjarnadóttir | Dalsbyggð 14 |
| Björgvin Brynjarsson | Háhæð 21 |
| Dagur Kár Jónsson | Ásbúð 87 |
| Erlendur Atli Stefánsson | Bæjargili 36 |
| Hafsteinn Sigurðsson | Hlíðarbyggð 12 |
| Heiðar Ægisson | Hlíðarbyggð 31 |
| Hildur Laxdal | Bæjargili 82 |
| Ingibjörg Bergmann | Aratúni 3 |
| Ingvi Snær Kristjánsson | Garðaföt 19 |
| Jón Arnar Barðdal | Tunguási 9 |
| Karólína Jóhannsdóttir | Kríunesi 3 |
| Kristín Björg Jörundsdóttir | Bæjargili 27 |
| Lilja Rún Sigurðardóttir | Ásbúð 62 |
| Linda Björk Sveinbjörnsdóttir | Klettási 8 |
| Máni Steinn Ómarsson | Sjávargrund 11a |
| Rakel Björk Björnsdóttir | Hjálmakri 1 |
| Rögnvaldur Ágúst Ragnarsson | Holtshúsi 32 |
| Sólveig Einarsson | Sunnuföt 20 |
| Tómas Þórður Hilmarsson | Löngumýri 45 |
| Tómas Þórir Tómasson | Hlíðarbyggð 40 |
| Þórhallur Kári Knúttsson | Steinási 6 |

Vidalínskirkja laugardaginn

28. mars kl. 15:00

| | |
|--------------------------|----------------|
| Andrea Björnsdóttir | Skógarhæð 3 |
| Arnar Númi Sigurðarson | Krókamýri 70 |
| Árni Freyr Helgason | Brúnási 3 |
| Ásdís Halla Einarsson | Sjávargrund 9b |
| Birkir Már Hafberg | Kjarrmóum 1 |
| Felix Magnússon | Strandvegi 21 |
| Hrafnhildur Alice Hansen | Iðnbúð 4 |
| Hulda Haraldsdóttir | Asparási 7 |
| Lárus Magnússon | Sigurhæð 1 |
| María Guðlaug Guðmundsd. | Steinási 5 |
| Ragnar Már Garðarsson | Línakri 3 |
| Róbert Ingi Olsen | Löngulínu 7 |

Vidalínskirkja sunnudaginn

29. mars kl. 10:30

| | |
|---------------------------------|-----------------|
| Alexander Sveinn G. Kristjánss. | Iðnbúð 3 |
| Arna Nadía Pálsdóttir | Kjarrmóum 8 |
| Arthur Knut Farestveit | Bæjargili 87 |
| Brynjar Már Björnsson | Brúnási 18 |
| Daníel Vilberg Ævarsson | Ásbúð 61 |
| Davíð Björnsson | Gullakri 2 |
| Elvar Örn Antonsson | Marargrund 16 |
| Freyr Þorvaldsson | Þrastarlundi 11 |
| Helena Kristín Brynjólfsson | Mávanesi 4 |
| Hjálmtýr Alfreðsson | Nónhæð 4 |
| Hörður Kristinn Örvarsson | Holtshúsi 69 |
| Katrín Kristjánsdóttir | Einivöllum 7 |
| Kristján Geir Gunnarsson | Brekkubyggð 34 |
| Ómar Páll Axelsson | Sjávargrund 5b |
| Páll Magnús Pálsson | Sunnuföt 14 |
| Pétur Már Bernhöft | Ásbúð 9 |
| Sara Lovísa Sófusdóttir | Smáraflöt 26 |
| Selma Soffía Guðbrandsdóttir | Breiðási 1 |
| Sindri Pétur Ingimundarson | Rjúpnahæð 2 |
| Thelma Hlíf Þórsdóttir | Strandvegi 12 |
| Vilborg María Carlsdóttir | Hraunási 6 |
| Þorri Geir Rúnarsson | Hrísmóum 11 |
| Þórhildur Kristín Ásgeirsdóttir | Blómahæð 7 |

Bessastaðakirkja sunnudaginn

29. mars kl. 13:00

| | |
|-----------------------------|---------------|
| Arnór Kristmundsson | Brúnási 15 |
| Benedikt Baldur Tryggvason | Móaföt 59 |
| Guðmundur Snorri Eyjólfsson | Haukanesi 1 |
| Haraldur Örn Haraldsson | Bæjargili 109 |
| Margrét Helga Pálsdóttir | Eskiholti 20 |
| Sindri Engilbertsson | Markarflöt 18 |

Vidalínskirkja laugardaginn

4. apríl kl. 10:30

| | |
|----------------------------------|----------------|
| Alexandra Bergdís Pálsdóttir | Fögruhæð 4 |
| Ari Akil Shyheim Alleyne | Lyngási 12 |
| Árny Jóhannsdóttir | Steinási 13 |
| Ásgeir Arnar Sveinsson | Bæjargili 102 |
| Birgitta Maren Einarsson | Mávanesi 10 |
| Birkir Kárason | Óttuhæð 8 |
| Brynja Dagmar Jakobsdóttir | Norðurbrú 4 |
| Daníel Andri Baldursson | Hjálmakri 5 |
| Daníel Valur Bergmann Þorsteins. | Eskiholti 6 |
| Elísa Ösp Jóhannsdóttir | Norðurbrú 6 |
| Eva María Lentz | Bæjargili 99 |
| Eyrún Ósk Stefánsdóttir | Ásbúð 76 |
| Gerða Guðný Guðjónsdóttir | Bæjargili 106 |
| Guðmundur Óðinn Hrafnsson | Arnarási 4 |
| Helgi Freyr Helgason | Steinási 11 |
| Hörður Pétur Steinarsson | Breiðási 11 |
| Jóhann Pétur Pétursson | Háhæð 6 |
| Katrín Brynjarsdóttir | Bæjargili 38 |
| Magnús Bjarki Guðmundsson | Ásbúð 54 |
| María Rún Sveinsdóttir | Bæjargili 102 |
| Nína Rannveig Daðadóttir | Hlíðarbyggð 10 |
| Snorri Gunnarsson | Bæjargili 11 |
| Unnur Lára Hjálmarsdóttir | Bæjargili 69 |
| Örn Gauti Jóhannsson | Súlunesi 9 |

Garðakirkja laugardaginn

4. apríl kl. 13:00

| | |
|------------------------------------|-----------------|
| Aldís Lilja Örnólfsdóttir | Kaldakri 4 |
| Andrea Gunnarsdóttir | Hlíðarbyggð 16 |
| Anna Sigríður Bergmann Helgadóttir | Ljósamýri 1 |
| Darri Logi Skúlason | Hegranesi 32 |
| Fjóla Þórisdóttir | Ægisgrund 4 |
| Guðrún Ásta Lúdvíksdóttir | Lindarflöt 50 |
| Hafrún Erna Haraldsdóttir | Háhæð 15 |
| Hulda Steinunn Steinsdóttir | Hamrahlíð 39, R |
| Ingvar Haukur Jóhannsson | Einilundi 5 |
| Kolfinna Þórisdóttir | Löngumýri 17 |
| Kristín Edda Kristjánsdóttir | Brekkubyggð 28 |
| Styrmir Gíslason | Bæjargili 85 |
| Sveinn Sigurður Jóhannsson | Hrísmóum 13 |
| Unnar Bjarni Úlfarsson | Ljósamýri 5 |
| Þórdís Tryggvadóttir | Asparlundi 13 |

Bessastaðakirkja sunnudaginn

5. apríl kl. 10:30

| | |
|-------------------------------|--------------|
| Alexandra Kristjánsdóttir | Nónhæð 3 |
| Guðný Ragnhildur Davíðsdóttir | Haukanesi 25 |
| Kristrún Guðmundsdóttir | Hraunbrún |
| Silja Líf Einvarðsdóttir | Löngulínu 7 |

Garðakirkja sunnudaginn

5. apríl kl. 13:00

| | |
|------------------------------|-------------------|
| Agnes Ýr Pétursdóttir | Heiðarlundi 20 |
| Benney Þöll Ómarsdóttir | Sjávargrund 10b |
| Dagmar Björk Bjarkadóttir | Berjavöllum 6, Hf |
| Guðjón Þorbjörnsson | Faxatúni 20 |
| Guðlaug Dóra Þorsteinsdóttir | Hraunási 4 |
| Halldóra Björk Magnúsdóttir | Arnarási 1 |
| Halldóra Guðbjörg Vilhjálm. | Háhæð 8 |
| Hrannar Bragi Eyjólfsson | Ásbúð 92 |
| Inga Valdís Tómasdóttir | Móaföt 10 |
| Ingvaldur Ella Stefánsdóttir | Lindarflöt 38 |
| Íris Jónsdóttir Stephensen | Súlunesi 21 |
| Natalía Lind Jóhannsdóttir | Lyngási 2 |
| Nína Ingólfsdóttir | Blómahæð 3 |
| Rebekka Waage | Hlíðarbyggð 19 |
| Rúnar Kjartansson | Hegranesi 7 |

Garðakirkja sunnudaginn

5. apríl kl. 15:00

| | |
|-----------------------------|------------------|
| Andri Fannar Pétursson | Blómahæð 10 |
| Ásdís Rún Ragnarsdóttir | Eikarási 3 |
| Birgitta Ósk Harðardóttir | Akraseli 35 |
| Bryndís Erla Róbertsdóttir | Melshæð 6 |
| Esther Björg Ragnarsdóttir | Mörk |
| Gunnar Bjarki Björnsson | Lynghæð 2 |
| Gunnar Húni Björnsson | Birkiási 20 |
| Halldór Kári Sigurðarson | Sigtúni 45, Rvk. |
| Lilja Líf Pálmarsdóttir | Tjarnarflöt 4 |
| Óskar Daði Jóhannsson | Holtási 3 |
| Rakel Ýr Jónasdóttir | Bæjargili 95 |
| Sigurbjörg Selma Sigurðard. | Birkihæð 9 |
| Stefán Gunnlaugur Jónsson | Holtshúsi 15 |
| Styrkár Þóroddsson | Greniási 5 |
| Viktor Sævarsson | Gimli |

ATHUGIÐ!

Ekki er tekið við skeyta-
pöntunum hjá Vífli. Panta
skal í síma 1446
eða á www.postur.is



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g




ISLAND 50g



ISLAND 50g



ISLAND 50g



SKEYTI

Kæra Sólrún

Innilega til hamingju með fermingardaginn. Ég skreytti skeytið með mynd sem ég tók af þér á fjóshaugnum í sveitinni hjá ömmu. Það voru góðir dagar :-)

Kær kveðja,
Bella frænka



Gerðu ferminguna persónulegri

Nú getur þú gert þá góðu hefð að senda fermingarbarni skeyti á fermingardaginn enn persónulegri. Með persónulegum skeytum Póstsins getur þú sent skeyti með mynd úr þínu eigin myndasafni.

Fermingarbarnið á frímerki

Í tilefni af fermingunni er góð hugmynd að senda boðskortið með frímerki með mynd af barninu sjálfu.

Sendu persónuleg frímerki og skeyti með mynd úr eigin myndasafni á www.postur.is.



Gengið á Fimmvörðuháls

Við höldum af stað að morgni til, laugardaginn 25. maí, með rútu í átt að Skógum. Samtals vorum við um það bil 16 manns úr bæði skátafélaginu Víflí og skátafélaginu Svön-um á Álftanesi og fleira fólki. Veðurspáin var frekar grá og við áttum von á að fá smá rigningu á okkur, en það var ekkert til að hafa áhyggjur af.

Leið eins og í Hringadróttinssögu

Eftir að hafa gengið upp alla stígana við Skógafoss var tekin smá pása, þrátt fyrir að lítið hafi verið gengið. Rosalega hlaut þetta að eiga eftir að vera erfið ganga þar sem að fyrstu hundrað metrarnir voru svona erfiðir. En svo var ekki, við gengum léttfætt áfram. Á milli þess sem við klifruðum í klettum og töluðum um allt á milli himins og jarðar sungum við nokkur lög. Til dæmis titillag Hringadróttinssögu, enda leið manni eins og maður væri Fróði Baggi að ferðast í áttina að Mordor með máttarbauginn mikla. Í þetta sinn var Mordor reyndar ekki bölváður eldgígur heldur fallett landslagið á milli Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Þar skein sólin, og fyrr en síðar fór hún að skína á okkur líka.

Eftir um fjögurra tíma göngu komum við að snjóróndinni við jökulinn en gangan þar var erfiðari en ég hélt. Þrátt fyrir að vera á milli tveggja jökla var alveg rosalega heitt, nokkrir skátar enduðu jafnvel á stuttermabolunum. Svo var líka mikið sport að kíkja á fingurna sína og sjá hvort þeir væru nokkuð búnir



áð þenjast út vegna hitans!

Gengið á milli tveggja jökla

Eftir nestisstopp við Baldvinsskála höldum við áfram göngunni á milli jöklanna tveggja. Ætli erfiðasti hluti göngunnar hafi ekki einmitt verið þegar við gengum mikið upp á við í snjónum, en við vorum glöð í bragði og sólin skein svo bjart, það sást varla ský á himni. Allt í einu vorum við svo farin að ganga niður á við, eða renna okkur öllu heldur á snjónum. Næst var það Heljarkambur, þar sem að ég þurfti heldur betur að glíma við mikla lofthræðslu, hins vegar unnu hinir eldri saman að því að koma okkur yngri í gegn og allt gekk vel.

Slysin gera ekki boð á undan sér

Við gátum nú séð almennilega niður í Þórsmörk og við gátum kíkt á Morsárheiði sem var alveg ótrúleg á að líta, þar sem hún var alveg slétt þrátt fyrir annars hæðótt landslagið. Aftur gátum við rennt okkur niður

á snjónum en þar varð næstum slys þegar Hlynur rann óvart með hausinn á undan og var næstum búinn að klessa á stóran stein!

Fall er fararheill

Nú var svo stutt í að við komum niður að lokapunkti að við Anna Gréta sem var fastur göngufélagi alla leiðina förum að hlaupa og leika fugla. Eitt-hvað varð til þess að ég datt í mjúku grasinu og viðbeinsbrotnaði. Sem betur fer voru þaulreyndir foringjar í kring og höndin var sett í fatla, mér gefið KitKat og íbúfen og svo var mér hjálpað niður Kattahryggina. Hjálparsveitarbíll var í Þórsmörk og sjúklingnum skutlað á móti foreldrunum sem fóru svo með mig upp á spítala.

Allt í allt gekk þó ferðin mjög vel, og allir skemmtu sér vel. Ferðalangarnir grillaðu og hvíldu sig inni í tjaldi áður en þau féllu í væran svefn.

Kristjana Björk

Dreifing þjóðskrár og fyrirtækjaskrár

- Þjóðum reglulegar uppfærslur á þjóðskrá og fyrirtækjaskrá
- Sjálfvirkar uppfærslur daglega, vikulega eða mánaðarlega
- Þjóðskrárlausnir fyrir margar tegundir gagnagrunna
- Þjóðarsýn uppflattikerfið
- XML aðgangur

Dróttskátasveit Vífls

Dróttskátasveitin Ólafur hefur gert margt skemmtilegt seinasta árið. Við gengum Fimmvörðuháls í maí, fór-um á Landnemamót í júní og Landsmót skáta á Akureyri í júlí, nokkur okkar hjóluðu á landsmótið yfir Kjöl. Á haustönninni fórum við í útilegu í Hleiðru við Hafravatn. Ferðumst þangað fótgangandi og með strætó og höfðum gaman af. Einnig fórum við í útilegu í desember, upp í Þrist, sem er skáli við rætur Esju. Þar, eins og í hinni útilegunni, var mikið spilað. Ætli það sé ekki orðið að hefð að spila langt fram á nætur í útilegum hjá Ds. Ólafi.

Eftir áramót var svo þrettándabrennan, þar sem hluti stúlknanna í sveitinni leiddu kyndilgönguna að Víflsbúð með miklum trumbusláttum. Í janúar var bæði úti- og innilega.

Við fórum í Víflsbúð helgina 9.-11. janúar og innilegan var í skátaheimilinu helgina 23.-25. janúar.

Í páskafríinu ætlum við að fara í hina árlegu skíðaferð dróttskátasveitarinnar til Akureyrar og í maí er þælingin að fara í aðra göngu eins og Fimmvörðuháls í fyrra. Að sjálfsgöðu verða svo nokkrar útilegur haldnar og í sumar verður farið á skátamót. Hugmyndin er líka að fara til Færeyja og hjóla um eyjarnar.

Við erum um 16 í sveitinni, öll hress og kát að sjálfsgöðu og sveitaforingjar eru Sævar Öfjörð og Hjálmar Örn.



Rekkaskátasveit Vífls

Rekkaskátasveitin í Vífli heitir Islandus. Rekkaskátar eru skátar á aldrinum 16-18 ára. Við í RS. Islandus erum búin að bralla mikið skemmtilegt í vetur en framundan eru ennþá fleiri spennandi verkefni. Í vetur erum við búin að halda kökuboð, fara í útilegu í skátaskálann Hleiðru sem Skjöldungar eiga, fara í útilegu í Víflsbúð sem er skátaskáli Vífls, skipuleggja meirihlutann af félagsútilegu Vífls, sjá um útgáfu Fógetans í félagsútilegunni, sem er blað sem kemur út alla þrjá dagana í útilegunni ár hvert. Síðasta sumar fórum við hjólandi á Landsmót skáta á Akureyri, siglandi á kajak á Landnemamót í Viðey, unnum flest á sumarnámskeiðum Vífls og auk þess fórum við í margar hjólaferðir til að undirbúa okkur fyrir Akureyrarferðina.

Í vetur er mjög spennandi starf framundan. Við vorum að hefja samstarf við Hjálparsveit skáta í Garðabæ og einhverjir úr hjálparsveitinni ætla að



hjálpa okkur að framkvæma ýmislegt sem okkur langar að gera. Meðal annars ætlum við að fara í langa hellaferð ofan í djúpan helli, síga og klifra í stórum kletti, fara í eins konar survivor útilegu þar sem við sofum aðeins undir segldúk, eldum yfir opnum eldi og ferðumst á milli staða með vöðvaaflinu.

Næsta sumar verður svo nóg að gera. Hið árlega Landnemamót í Viðey verður auðvitað vel sótt af okkur rekkaskátunum. Einnig verður stórt alþjóðlegt mót, Roverway, haldið á

Úlfjótuvatni næsta sumar og við ætlum auðvitað að fjölmenna þangað. Skátar frá Búlgaríu sem ætla að fara á mótið hafa haft samband við okkur og við höfum boðið þeim að gista í skátaheimilinu okkar fyrir mótið. Við ætlum að sýna þeim nokkra merkilega staði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og fara með þeim á mótið. Sumarið 2010 stefnum við svo á að heimsækja skátana til Búlgaríu og hlakkar okkur mikið til.

Heba Ýr Pálsdóttir Hillers

Jamboree á Englandi 2007

„Jambo - Hello“

Þessa setningu heyrði maður að minnsta kosti 100 sinnum yfir daginn. Alheimsmót skáta, World Scout Jamboree, var hafið á ný. Tuttugu Víflar mættu upp í Leifsstöð þann 27. júlí árið 2007 og voru í þann mund að hefja ferðalag sem þeir höfðu beðið eftir í tvö ár og átta aldrei eftir að gleyma.

44.000 skátar á alheimsmóti

Ferðinni var heitið til Hylands Park í Essex, Englandi. Mótið var það fjölmennasta í sögunni, en um 44.000 manns alls staðar að úr heiminum hugðust koma saman og skemmta sér ærlega í tæpar tvær vikur.



Íslendingarnir fjölmenntu og voru 430 talsins. Við Víflarnir vorum í sveitinni Flatey ásamt átján öðrum skátum.

Langt ferðalag með 20 kíló á bakinu

Ferðin hófst, eins og áður kom fram, í Leifsstöð. Þessi fyrsti dagur var án efa sá lengsti, en eftir þriggja klukkutíma flug sátum við í sex klukkutíma í rútu. Þá tók við um hálf-tíma ganga á okkar tjaldsvæði með 20 kílóa farangur á bakinu. Loksins, þegar klukkan var orðin u.þ.b. fjögur, komumst við ofan í pokann okkar og sváfum værum svefni.

One World, One Promise

Fyrsta daginn á mótinu létum við öll eins og fimm ára krakkar í leikfangabúð, heilluð af því sem fyrir augu bar. Við vorum án

efa alveg gapandi yfir opunarhátíðinni og mannfjöldanum sem var alveg svakalegur. Allt þetta fólk, komið til að búa saman í rúma viku undir heitinu „One World, One Promise“. Veðrið lék aldeilis við okkur, glampanði sól og steikjandi hiti nær allan tímann og að sjálfsögðu vorum við fastagistir í ísbílum. Einn daginn fór hitinn upp fyrir okkar mörk og við ákváðum að fara í eitt allsherjar vatnsstríð. Ekkert annað dugði en að hafa stelpur á móti strákum og þennan dag fengu um 120 lítrar af vatni að mæta örlögum sínum á grasbletti fyrir aftan tjaldsvæðið okkar.

Glæsileg dagskrá

Dagskráin á mótinu var heldur ekki af verri endanum, en hver dagur var vel skipulagður. Dagskráin hét öll afar frumlegum nöfnum, en sem dæmi um það má nefna Trash, Splash, Element, World Villages, Global Development, Terraville

og svo framvegis. Ein eftirminnilegasta dagskráin var án efa þegar við fórum í Gilwell Park. Þar eyddum við heilum degi og fórum í bootcamp þrautabraut, sápurennibraut, fórum inn í uppblásna kúlu sem rúllaði niður rennibraut, grilluðum hikebrauð, gerðum vinabönd og leystum alls kyns skátaprautir. Dagurinn í Gilwell Park var einn sá eftirminnilegasti, veðrið var til fyrirmyndar og ísafjöldi á mann var að meðaltali fjórir.

Sáu sjálf um matinn

Fararstjórnarnir okkar létu okkur að sjálfsögðu sjá um alla matseld og skiptu okkur niður í hópa. Hver

hópur sá því um matargerð einn og einn dag í einu.

Yfirleitt vökn-uðu allir um sex til sjöleytið en



matarhópurinn var svo heppinn að þurfa að vakna á undan öllum hinum, um fimm leytið!

100 ár frá fyrstu skátaútilegunni

Einn af hápunktum mótsins mun hafa verið Sunrise Day, eða 1. ágúst, en þann dag voru 100 ár frá því að Lord Baden Powell blés í horn og setti fyrstu skátaútileguna sem var haldin á Brownsea Island við England. Þetta var merkilegur og áhugaverður dagur fyrir alla skáta hvaðanæva úr heiminum. Þennan dag tóku allir sig til og voru með tjaldsvæði sitt opið fyrir gestum og gangandi og kynntu land sitt og þjóð.

Gist heima hjá breskum skátum

Fjórum síðustu dögum ferðarinnar eyddum við í heimagistinu í héraðinu Devon í suður-Englandi. Englendingarnir fóru afskaplega vel með okkur og komum við sæl og glöð frá þeim. Þegar til stóð að halda til heimalandsins voru allir dálítið svekktir yfir því að þessi svakalega ferð skyldi vera búin, en þó fegnir að hluta til að fá loksins að sofa í eigin rúmi og fara í almennilega sturtu. Nokkrum dögum eftir heimkomuna þráðu þó allir að komast aftur í tjaldið góða og upplifa fleiri óvænt ævintýri.

Hildur Hafsteinsdóttir
Heba Ýr Pálsdóttir Hillers
Jóhanna Jóhannsdóttir
Dögg Gísladóttir
Brynjar Smári Alfreðsson



Gjafabréfin frá Fjallakofanum gleðja alla!

Tilvalin fermingargjöf



tjöld, svefnpokar, gönguskór, sokkar, nærfatnaður, fatnaður, klifurbúnaður o.fl.


SCARPA

 smartwool

 PETZL

 Marmot

 Black Diamond™

www.fjallakofinn.is


FJALLAKOFINN


Reykjavíkurvegi 64 • Hafnarfirði • sími 510 9505

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

21. sumarið !

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglinga sem eru á aldrinum 6 - 14 ára. Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátafélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 20 árum.

Dagskráin byggist upp á mikilli úti- vist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi. Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í Skátamiðstöðinni Jötunheimum við Bæjarbraut 7.



Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátáforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálp.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Hvert námskeið er í eina viku í senn og á hverju námskeiði er nýtt þema.

Dagskrá námskeiðanna byggist hins vegar upp á tveggja vikna dagskrá og endar önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð.

Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annari hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátafélagsins Vífilsbúðar. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð, póstaleiki ofl. Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein okkar skátanna.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11 - 14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru úti- vist og öðruvísi íþróttum t.d kassaklifri o.fl.

„Amazing Race“

Þetta er í sjötta sinn sem Vífill tekur þátt í og heldur þennan viðburð með skátanámskeiðum nágrennasveitarfélaganna. Þessir dagar tókust mjög vel í fyrra og hefur félagið ákveðið að vera með þessa daga aftur. Tjaldað verður á túninu við Hraunbyrgi, tjaldsvæði Hafnarfjarðar og fer dagskrá útilegunnar fram um allan Hafnarfjörð. Tilgangurinn með þess-



um dögum er að kynna skátastarf enn frekar fyrir foreldrum og verðandi skátum. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að upplýsa foreldra um hvað skátastarf snýst. Útilegan verður í júlí og er öllum þátttakendum sumarnámskeiðanna og skátum boðið að koma og taka þátt í dagskránni. Foreldrum er síðan boðið að taka þátt í stórskemmtilegri kvöldvöku um kvöldið. Upplýsingar um þennan viðburð verða birtar á heimasíðu félagsins í lok júní.

Nánari upplýsingar síðar

Dagsetningar verða auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar

Skráning á vefnum

Hægt er að skrá þátttöku á vefnum á síðunni www.vifill.is en þar má einnig finna frekari upplýsingar.



Viltu verða félagi í Skátafélaginu Vífli?

Komdu í Jötunheima við Bæjarbraut eða hringdu í síma 565-8820 eða kíktu á www.vifill.is og fáðu nánari upplýsingar!

Smíðanámskeið Vífils

Smíðanámskeið Vífils

Nú í sumar er sjötta sumarið sem Vífill hefur yfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar. Síðustu fimm sumur hefur þetta gengið frábærlega, en Smíðanámskeið Vífils hefur hreinlega slegið öll met því síðasta sumar kom metfjöldi þátttakenda til smíðanna.

Dagskrá allan daginn

Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn. Dagskráin er skemmtileg og alltaf nóg að gera. Ef ekki er verið að smíða þá er farið í leiki og Jötunheimar lagðir undir fyrir alla þá aðstöðu sem þarf. Salurinn niðri er nýttur fyrir mataraðstöðu og nóg er hægt að hafa fyrir stafni á námskeiðinu allan daginn.

Smíða kofa eða kassabíl

Eins og venjulega verður hægt að smíða stórhýsi eða kassabíl. Stórhýsi rúmast á lyftarabretti og því verður hægt að taka það með sér heim að námskeiði loknu og setja upp í garðinum heima.

Tvær vikur í senn

Hvert námskeið verður tvær vikur í senn og er það góður tími til að smíða og leika.

Nánari upplýsingar síðar

Eins og með Útilífs- og ævintýranámskeiðið, þá verða dagsetningar auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar



PIZZAN



Tekið til hendinni

Í vetur hafa nokkrir galvaskir menn og konur aldeilis tekið til hendinni bæði í Jötunheimum og í Vífilsbúð. Meðal verkefna má nefna að náðhúsið við Vífilsbúð var fært í mannsæmandi fjarlægð frá skálanum, fánastöng var reist við Vífilsbúð, fjölmargir veggir voru málaðir í Jötunheimum og svona mætti lengi telja. Við í skátafélaginu Vífli megum vera þakklát fyrir þetta góða fólk sem leggur sitt af mörkum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Prettándinn í Heiðmörkinni

Prettándavarðeldur Vífils er orðinn að föstum lið í jóladagskránni hjá mörgum. Góður hópur fólks gekk í blysför frá bílastæðinu í Heiðmörkinni inn að Vífilsbúð undir trommuslætti ungra skáta. Við Vífilsbúð hafði safnast annar eins hópur fólks og um leið og blysförin mætti á staðinn var kveikt í myndarlegum varðeldi. Þá var haldin stutt kvöldvaka og horft á flugeldasýningu í boði Hjálpasveitar skáta í Garðabæ. Eftir herlegheitin var öllum boðið í kakó og kleinur á pallinum við Vífilsbúð!



Fjörug félagsútilega

Á hverju hausti fer allt skátafélagið í heild sinni í félagsútilegu og í þetta skiptið var farið í Hlíðardalsskóla í Ölfusi. Mikill undirbúningur fór fram vikurnar á undan og höfðu eldri skátar félagsins veg og vanda af dagskrá útilegunnar. Má þar nefna stórskemmtilega kvöld- og næturleiki, póstaleiki og svo auðvitað sjálfa kvöldvökuna!

Allt heppnaðist þetta frábærlega og það var þreyttur en ánægður hópur sem kom aftur í bæinn á sunnudeginum.

Salur Jötunheima - veislur eða fundir

Salurinn okkar í Jötunheimum getur tekið um 100 manns í sæti og er allt til reiðu fyrir veislur eins og ferlingar, brúðkaup, afmæli eða stóra vinnufundi.

Salurinn er mjög vel tækjum búinn með t.d. skjávarpa, sýningartjaldi og alveg frábæru hljóðkerfi.

Allt til alls er í eldhúsinu eins og matarstell, bollar, glös, könnur, diskar, hnífapör og til að auðvelda uppvaskið er stór og mikil uppþvottavél.

Einnig er í eldhúsinu eldavél til að hita sósur og rétti.

Úr salnum er glæsilegt útsýni út á Snæfellsnesið og hægt að fara út á svalir og niður í garðinn fyrir neðan. Salurinn hefur verið vinsæll til útleigu og hvetjum við alla áhugasama til að hafa samband á skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar.



Eftirtalin fyrirtæki styrkja útgáfu blaðsins



Efnalaug og fataleiga Garðabæjar S: 565-6680

Tannlæknastofan Ásrún Garðatorgi

Áslaug - Guðrún - Úlfhildur
Sími: 565-9070

GLERAUGNAVERSLUN
GARÐABÆJAR

GARÐATORGI

S: 534-2661

bara123

Stuðningspúði fyrir þig og þína
www.bara123.is

Engilbert Ó H Snorrason
tannlæknir
Sími: 565-6844



Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra!



OPIÐ

allan sólarhringinn
í Garðabæ



HAGKAUP

Ein ferð betra verð